




Birting einkunna

Lokaekunnir birtast nemendum í upplýsingakerfinu föstudaginn 20. desember. Einkunnablöð verða ekki prentuð út og því verður engin formleg einkunnaafhending. Það er því er afar mikilvægt að nemendur og foreldrar þeirra kynni sér vel hvaða reglur eiga við þegar nemandi fellur í áfanga (sjá [skólareglu 5.3](#)). Prófsýning verður eftir sem áður í hádeginu föstudaginn 20. desember milli 11 og 12:30 og eru þeir nemendur sem ekki ná þeim árangri sem þeir vonuðust eftir hvattir til þess að mæta á prófsýningu.



Jólaball 16. desember

Jólaballið verður haldið í Gullhömrum í ár. Undanfarin ár hefur jólaballið verið með vinsælli böllum enda um próflokaball að ræða. Flestir er þó meðvitaðir um að næsta ball þar á eftir er Nemóballið og því mikilvægt að gæta að sér og lenda ekki í ballstraffi á þeim degi. Þar sem nemendur þurfa ekki að mæta í skólann daginn eftir hefur ölvun verið töluverð. Í því ljósi vil ég minna á þær athugasemdir sem við fengum eftir síðasta ball en þá var nokkuð um að nemendur leigðu sér sali undir fyrirpartí fyrir stóra hluta árganga, sjá síðasta [Vefrit](#). Þar voru engir foreldrar og nemendur þar af leiðandi án eftirlits. Þeir sem tóku á móti nemendum á ballinu, foreldrar og starfsmenn skólans, höfðu orð á því að ölvunin hefði verið áberandi meiri en venjulega. Það er því ósk okkar að foreldrar taki áfram vel í að opna heimili sin fyrir bekkjarpartí og líti á það sem vænlegri kost en að nemendur leigi sali úti í bæ.



Foreldraráð - ballgæsla

Frá foreldraráði:

Eitt af verkefnum foreldraráðsins að manna gæslu á skólaböllum. Í þessu verkefni treystum við á þátttöku ykkar en án hennar gengur þetta ekki upp. Við viljum gjarnan gera þetta á sem skilvirkastan máta og höfum því ákveðið að forráðamenn í tveimur til þremur 3. bekkjum manni hvert ball út skólaárið. Jólaballið verður haldið í Gullhömrum 16. desember og við þurfum a.m.k. 10 manns með okkur og við viljum gjarnan fá 5 konur og 5 karla. Að þessu sinni viljum við biðja foreldra í 3. A og 3.B að gefa sig fram, t.d. 5 úr hverjum bekk. Síðan göngum við á röðina fyrir næstu dansleiki.

Þeir sem geta tekið þátt eru beðnir um að senda póst á foreldrafelag@verslo.is Mæting er kl. 22:00 þann 16. des við Gullhamra. Þar gefið þið ykkur fram við starfsmann skólans



eða fulltrúa foreldraráðsins. Þið fáið vesti hjá námsráðgjöfunum merkt Foreldrafélaginu og skilið þeim til þeirra að gæslu lokinni á miðnætti.

Okkar hlutverk er að vera fyrir utan og passa að raðirnar gangi sem best, leiðbeina nemendum í að fara í rétta röð (þær eru kynjaskiptar) og vera innan handa með ýmislegt sem getur komið upp á. Bara að muna mjög hlý föt, föðurland, móðurból og góða skapið.

Með þessu fyrirkomulagi, sem líkja má við foreldraröltið sem margir þekkja, eru flestir forráðamenn aðeins beðnir einu sinni á skólagöngu barnsins um að taka að sér ballgæslu. Við viljum samt benda á að um er að ræða mjög fróðlegt og skemmtilegt verkefni sem allir ættu að prófa a.m.k. einu sinni!